

Breyting á skipulagsskrá:

10. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema atkvæði allra fulltrúaráðsmanna falli á þann veg, enda hljóti breytingin staðfestingu réttbærra yfirvalda.

Þannig staðfestist á stofnfundi sjálfseignarstofnunarinnar 17. apríl 1985.

Nr. 288

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Landverndarsjóð Ferðafélags Íslands, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum, af dómsmálaráðherra 10. júlí 1985.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ**fyrir Landverndarsjóð Ferðafélags Íslands.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir Landverndarsjóður Ferðafélags Íslands.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að vernda og bæta gróður í nágrenni sæluhúsa Ferðafélags Íslands og fegra sæluhús þess.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 5000,00 sem aldrei má skerða.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Minningargjafir, sem gefnar verða um látna félagi í Ferðafélagi Íslands.
2. Önnur framlög.
3. Vextir.

5. gr.

Sjóðurinn lýtur stjórn framkvæmdastjórnar Ferðafélagsins, sem ræður framlögum úr honum.

6. gr.

Ferðafélagið lætur prenta minningarkort, sem verða til sölu til ágóða fyrir sjóðinn.

7. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Ferðafélags Íslands og birtir með ársreikningum Ferðafélags Íslands.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún síðan birt í B-deild Stjórnartíðinda.